

Íslenskur iðnaður

SI

10. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Október 2008

Marorka hlýtur umhverfisverðlaun Norðurlanda

„Ég er mjög stoltur og bjóst alls ekki við að fá þessi verðlaun. Hugur manna hefur verið lítið við skip og sparnað í sambandi við þau á Norðurlöndum,” segir Jón Ágúst Þorsteinsson fram-



kvæmdastjóri Marorku sem hlýtur Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlanda 2008. Fyrirtækið hlýtur verðlaunin fyrir þróun tölvukerfa sem miða að lágmörkun olíunotkunar skipa og draga þannig úr mengun og eldsneytiskostnaði.

Marorka var stofnuð árið 2002 en Jón Ágúst vann að þróuninni sem fyrirtækið byggir á frá árinu 1995. „Með góðu starfsfólki, stuðningi tækniþróunarsjóðs, nýsköpunarsjóðs, sjávarútvegsráðuneytisinu og norrænum styrkjum, höfum

við náð miklum árangri,” segir Jón og bætir við að ekki megi gleyma viðskiptavinum sem hafi haft trú á vörunni.

Orkustjórnunarkerfið hefur verið í þróun í áratug. Tæknin sparar útgerðum verulega fjármuni í formi minni olíunotkunar. Jón Ágúst segir að drifkraftur Marorku sé að skila einhverju til umhverfisins, bæði verðmætum og bættu umhverfi, orkusparnaður sé hluti af því. Með minni útblæstri minnki að sama skapi mengun.

Marorka hefur sannað sig

Jón Ágúst þakkar góðu fólki og samstöðu góðan árangur. Í tæknifyrirtæki þar sem mikil þörf sé á fjármagni sé það lykilaríði að allir komi að uppbyggingunni.

Það lítur ekki út fyrir annað en Marorka eigi eftir að vaxa og dafna í framtíðinni ef vel verður á haldið. Nú þegar starfa 17 starfsmenn hjá fyrirtækinu á Íslandi og starfsemi er rekin í Danmörku

og Noregi. Þá er umboðsmaður á vegum fyrirtækisins í Grikklandi og net samstarfsaðila er gott.

„Við höfum tekið okkar niðursveiflur og ætlum að sjá hvernig okkur reiðir af í vetur, en það er gríðarlega bjart framtíð,” segir Jón Ágúst og bætir við að stefnt sé á frekari vöxt og fyrirtækið eigi eftir að verða stórt iðnfyrirtæki á Íslandi; „Marorka hefur sannað sig, það er orðið þekkt á Norðurlöndunum, bæði hjá viðskiptavinum og í umhverfinu.”

Ávaxtabíllinn hlaut Fjöreggið 2008



Sjá nánar bls. 4

Mikil ásókn erlendra fjölmiðla



Fréttamaður BBC í Skotlandi ásamt fylgdarliði með Jón Steindór í viðtali

Fjöldi erlendra fréttu hafa leitað viðhorfa Samtaka iðnaðarins við efnahagsástandinu sem nú ríkir hér á landi. Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri Samtakanna hefur haft í nógu að snúast við að veita erlendum fréttamönnum viðtöl. Helst er spurt um hvaða áhrif ástandið mun hafa á íslenskan iðnað og hvað sé til ráða. Þá er afstaða Samtakanna til aðildar Íslands að Evrópusambandinu einnig ofarlega á baugi.

Í beinni útsendingu á Bloomberg

NOW PLAYING: Bloomberg News Video



FIRST WORD ON MONEY
ICELAND FIRMS SELL H.K. MACAU PROPERTIES,
SAYS SOUTH CHINA MORNING POST

bls. 2



Bitið á jaxlinn

bls. 4



Samningaferli við ESB styttra en margur hyggur

bls. 6



Milljarðar sparast í verkframkvæmdum

bls. 7



REACH felur í sér tækifæri til fyrirtækja

bls. 8



SI og efnahagsþrengingar

Bitið á jaxlinn



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Afturðir síðustu vikna og daga hafa verið íslensku efnahags- og atvinnulífi erfiðir og sér ekki enn fyrir endann á þeim. Erfitt er að meta hverjar afleiðingar þessa áfalls verða en óhætt er að fullyrða að þær verða miklar og munu hafa langvarandi áhrif. Félagsmenn SI hafa orðið fyrir búsíffjum í þessu gjörningaveðri í heimi fjármálanna líkt og flestir aðrir. Samtökin munu því leggja sig öll fram um að hafa áhrif á framvindu mála með það að markmiði að tryggja sem allra best hagsmuni félagsmanna sinna.

Verðum að sjá til botns

Stjórnvöld verða á næstu dögum að ná tökum á stöðunni þannig að viðspyrna fái og óvissu verði eytt. Mikilvægt er að tryggja peningaflæði í endurreistu bankakerfi, gjaldeyrisviðskipti, styrkingu og stöðugleika krónunnar og tafarlausa lækkun stýrivaxta. Setja verður fram trúverðuga stefnu um hvernig takast á við vandann og koma á jafnvægi að nýju. Öllum er ljóst að til þess þurfum við hjálp alþjóðasamfélagsins - verkefnið er of stórt til þess að við ráðum við það hjálparlaust.

Fyrirtæki í rekstri þurfa svigrúm

Við það sem framundan er þarf að gæta þess að umsvíf fyrirtækja sem starfa í landinu haldist sem mest óbreytt, sinna okkar eigin þörfum og skapa fjöldanum atvinnu. Það þarf til dæmis að gæta að því að verklegar framkvæmdir dragist ekki um of saman eða að viðskipti á fasteignamarkaði stöðvist. Sem betur fer er engin ástæða til að ætla annað en stærstur hluti fyrirtækja okkar eigi sér góðan rekstrargrundvöll þrátt fyrir þessa ágjöf. Það má því ekkert gera sem dregur að óþörfu úr þeim þróttinn. Þau verða að fá nauðsynlegt súrefni.

Bök snúi saman

Íslenskur iðnaður hefur afar mikilvægu hlutverki að gegna þegar ráðist er gegn þeim vanda sem við er að glíma. Öflugur íslenskur iðnaður sparar gjaldeyri þegar hann keppir við innflutning og aflar gjaldeyris þegar hann flytur út vörur og þjónustu. Iðnaðurinn gegnir þess vegna lykilhlutverki við að koma okkur aftur á lygnari sjó. Þegar er hafið átak til þess að hvetja almenning, fyrirtæki og stjórnvöld í landinu til þess að beina viðskiptum sínum og neyslu að íslenskum varningi og þjónustu - það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að velja og efla íslenskt. Það er einnig mikilvægt að félagsmenn SI beini eftir fremsta megni viðskiptum sínum til innlendra framleiðenda.

Sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins eru ákveðin í því að reynast sterkur bakhjarl félagsmanna sinna á erfiðum tímum. Þau munu leggja sig fram um að vera í góðu sambandi við félagsmenn og aðstoða þá eftir mætti. Þeir eru eindregið hvattir til þess að hafa samband til þess að ræða málin, leita ráða og fá upplýsingar og fræðslu. Við þurfum öll að hjálpast að við að greiða úr þessum mikla vanda og koma auga á ný tækifæri í stöðunni.

Frá fortíð til framtíðar

Mikilvægt er að halda ró sinni og hefjast handa við endurreisnarstarf og grípa á lofti þau tækifæri sem fyrir hendi eru. Við breytum ekki því sem liðið er en við getum mótað okkar eigin framtíð og það skulum við gera saman.

Saman skulum við byggja upp enn öflugri iðnað en áður og tryggja honum samkeppnishæft og stöðugt starfsumhverfi.

Nú bitum við á jaxlinn.





Samstarfssamningur undirritaður

Í byrjun mánaðarins var undirritaður samstarfssamningur um hátækni- og sprotavettvang sem miðar að því að efla uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi. Iðnaðar-, mennta-, fjármála- og utanríkisráðuneyti standa að samningnum ásamt fjórum félagasamtökum; Samtökum sprotafyrirtækja-, líftækni-fyrirtækja-, upplýsingatækni-fyrirtækja og Samtökum iðnaðarins.

Að þremur árum liðnum verður árangur af starfseminni metinn og ákvörðun tekin um framhald. Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið leggja hvort til þrjár og hálf milljón á ári til vettvangsins. Sjá nánar á www.si.is.



Vilja aðra íbúakosningu

Gylfi Ingvarsson trúnaðarmaður starfsmanna álversins í Straumsvík hefur sent öllum bæjarfulltrúum í Hafnarfirði bréf þar sem hann skorar á þá að greiða fyrir stækkun álversins. Til að knýja á um kosningu þurfa 25% atkvæðisbærra manna í bæjarfélaginu að skrifa undir.

Áframhaldandi áhugi eigenda fyrir stækkun álversins var kynntur á fundi með starfsmönnum í Straumsvík 9. október sl. Fundurinn var haldinn vegna stöðu mála í efnahagslífinu.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði segir að bæjaryfirvöld séu bundin af fyrri íbúakosningunni. Færi svo að 25% atkvæðisbærra manna rituðu nafn sitt á undirskriftarlista væru yfirvöld hins vegar skyldug til að fara að ósk þeirra.

Samvinna SI og Vegagerðarinnar á áætlun

Samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins og Vegagerðarinnar um virkni gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir, sem stofnað var til síðastliðið vor, gengur samkvæmt áætlun. Búið er að velja sjö fyrirtæki af átta til að taka þátt í verkefninu víða um landið. Valið tekur mið af staðsetningu og eðli verkefna sem boðin eru út á árinu. Þeim er deilt á öll umdæmi Vegagerðarinnar þannig að starfsmenn hennar þjálfast í yfirlestri og eftirfylgni gæðatryggingar. Sameiginlegur ráðgjafi fylgir svo bæði verkkaupa og verktaka úr hlaði og fulltrúar SI fylgjast með framgangi mála. Að lokum er ætlað að myndast hafi þekking og reynsla sem Samtökin munu miðla til annarra verktaka.

Með gæðastjórnun getur verktakinn, áður en gengið er til samninga, sýnt fram á hæfni sína til stýra gæðum þess verkefnis sem hann hefur boðist til að taka sér. Það tryggir að eingöngu verði samið við verktaka sem geta fyrirfram sýnt fram á hvort og hvernig kröfum sem komi fram í verklýsingum og samningum verði fullnægt.

Gæðakerfi er samansafn af ákvörðunum, ætlunum og væntingum æðstu stjórnenda til góðra verka. Ef slíkt er ekki vel skilgreint, innleiðing öflug og eftirfylgni markviss eru litlar líkur á að hlutirnir gangi eins og stjórnendur ætlast



til. Loforðið sem á að felast í gæðatryggingunni verður þá lítils virði fyrir verkkaupann. Jákvætt viðhorf æðstu stjórnenda verktaka til gæðakerfisins skiptir höfuðmáli til að árangur náist. Samtök iðnaðarins vænta hins vegar góðs árangurs af þeim fyrirtækjum sem þegar hafa verið valin og byggja gæðakerfi sitt á gögnum frá Samtökunum.

Fríður hópur fyrrverandi og núverandi starfsmanna



Við opnun nýju plastendurvinnslu Gámaþjónustunnar í Lettlandi vildi svo skemmtilega til að viðstaddir voru fimm núverandi og fyrrverandi starfsmenn SI. Á myndinni eru Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, Krístrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar, Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála SI og Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs

Samningaferli við ESB styttra en margur hyggur

Éf Ísland myndi sækja um aðild að Evrópusambandinu á þessu ári gæti aðild orðið að veruleika í ársbyrjun 2010. Rúmum þremur árum síðar væri möguleiki á að taka upp evru hér á landi. Þetta er mat Aðalsteins Leifssonar, lektors við Háskólann í Reykjavík sem



situr í Evrópunefnd forsætisráðuneytisins. Á fundi SI og Starfsgreinasambandsins um Evrópumálin 2. október sagði Aðalsteinn frá nýlegum fundi nefndarinnar

með Olli Rehn, framkvæmdastjóra stækkunarmála ESB. Hann hefði sagt að samningaferlið tæki styttri tíma en gengur og gerist. Ísland hafi þegar tekið upp 3/4 hluta regluverks ESB.

Fjöreggið 2008

Ávaxtabíllinn hlaut þann 16. október Fjöreggið 2008 við athöfn í Iðnó þar sem Matvæladeginum er fagnað. Verðlaunin eru veitt fyrir lofsvert framtak á matvælasviði og voru afhent við upphaf ráðstefnunnar Íslenskar matarhefðir og héraðskrásir.



Í umsögn dómnefndar segir að einna þyngst hafi vegið sá sýnilegi árangur sem Ávaxtabíllinn hafi náð í að gera ávexti að daglegri neyslavöru á vinnustöðum. Fyrirtækið hafi tekið ráðleggingar um að neyta meiri ávaxta einu skrefi lengra og beinlínis lagt ávextina upp í hendurnar á fólki.

Samtök iðnaðarins eru bakhjarl Fjöreggsins og gefa verðlaunagripinn sem hannaður er og framleiddur af Gleri í Bergvík. Þetta er í 16. sinn sem verðlaunin eru afhent.

Tilnefndir voru veitingahúsið Friðrik V. á Akureyri fyrir öflugt kynningastarf matvæla úr héraðinu, Fiskidagurinn mikli fyrir að tengja saman ferðþjónustu og íslenskar matarhefðir, Matur, saga og menning, félag áhugafólks um mat og matarmenningu, fyrir að efla þekkingu á íslenskum mat, Ávaxtabíllinn fyrir frumkvöðlastarf sem eykur aðgengi fólks að ávöxtum og hvetur til ávaxtaneyslu, Hollt og gott í hádeginu fyrir matseld í skólum með góðum árangri og Myllan fyrir að auka úrval og fjölbreytni í trefjaríkum brauðvörum.

Aðalsteinn
Leifsson lektor
HR:



„Fyrir mér er þetta svoltið eins og maður sem er búinn að vera í sambúð í 15 ár. Hann á þrjú börn, er með húsnæðislán og hund, en vill ekki ganga í hjónaband af því hann er svo hræddur við að binda sig.“

Aðalsteinn sagði að Seðlabanki Íslands væri alltof lítill til að takast á við vandamál fjármálastofnana sem eru 10-12 sinnum stærri en hagkerfið. Þess vegna þurfi sterkan bakhjarl sem geti staðið við bak þessara stofnana.

Áhyggjur af fiskimiðum óþarfar

Þegar kom að sjávarútvegsmálum taldi Aðalsteinn áhyggjur Íslendinga af því að miðin myndu fyllast af útlendingum óþarfar. Hægt væri að koma í veg fyrir að kvóti færi úr landi. Kvótaúthlutun sé ákveðin af veiðireynslu. Þannig ætti ESB ekki rétt á einu einasta kíló af kvóta í íslensku lögsögu.

Mat Aðalsteins er að við séum þegar í Evrópusambandinu sem annars flokks Evrópusambandsríki vegna þess að við höfum tekið upp 75% löggjafarinnar. „Fyrir mér er þetta svoltið eins og maður sem er búinn að vera í sambúð í 15 ár. Hann á þrjú börn, er með húsnæðislán og hund, en vill ekki ganga í hjónaband af því hann er svo hræddur við að binda sig.“

Á fundinum talaði einni Daniel Valtakari, alþjóðafulltrúi frá Finnlandi. Hann sagði reynslu Finna af því að ganga í Evrópusambandið árið 1995 góða. Vöruverð hafi lækkað í landinu og vextir af lánum sömuleiðis. Sem dæmi hafi vextir af íbúðalánum farið úr 15,5% í 3,8%. Atvinnuleysi hafi minnkað og efasemdarraddir séu fáar eftir 13 ár í sambandinu.

Skýrt kom fram í máli framkvæmdastjóra SI, Jóns Steindórs Valdimarssonar, og Ólafs Darra Andrasonar, hagfræðings ASÍ, að aðild að ESB og upptaka evru væri hvorki skyndi- né töfralausn. Aðild krefðist mikils aga í hagstjórninni en þýddi um leið að tækifæri til að halda stöðugleika í hagkerfinu yrðu mun meiri.



Aðföng og hráefni til iðnaðar fá forgang

Seðlabanki Íslands hefur svarað erindi Samtaka iðnaðarins og tekur undir mikilvægi þess að íslenskum iðnaði verði tryggð aðföng og hráefni. Í svari bankans við erindi Samtakanna um temprun útfærðis gjaldeyris kemur skýrt fram að aðföng og hráefni eigi að vera í forgangsflokki.

Samtök iðnaðarins brýna fyrir félagsmönnum sínum að hafa þegar í stað samband við viðskiptabanka sína og benda þeim á þennan skilning Seðlabankans. Jafnframt eru félagsmenn minntir á að gjaldeyris er af skornum skammti og því mikilvægt að innflutningur sé takmarkaður við brýnar þarfir.

Samtök iðnaðarins þakka Seðlabanka Íslands skjót og góð viðbrögð.



Ál lækkar í verði búist við hækkun

Undanfarna tvo mánuði hefur heimsmarkaðsverð á áli lækkað um 25%. Tómas Már Sigurðsson forstjóri Alcoa-Fjarðarás sagði í fréttum Stöðvar 2 að álverð væri þó enn langtum hærra en áætlanir fyrirtækisins gerðu ráð fyrir og búist væri við að það hækkaði fljótlega aftur.

Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir að heimsmarkaðsverð sé um 1.600 dalir tonnið, en það er nú á 2.500 bandaríkjadali. Hæst fór álverð í 3.300 dollara í júlí. Helstu skýringuna á lækkuninni telur Tómas vera lækkun olíuverðs, en olía er notuð á ýmsum stigum framleiðslunnar. Þá hafi samdráttur á heimsvísu áhrif. Mikilvægt sé að tryggja samkeppnisstöðu íslensku framleiðslunnar. Hún sé umhverfisvænni en víða annars staðar og ekki megi þrengja að henni með of litlum kol-efniskvótum.



Lögboðin skráning raftækjaúrgangs hafin

Framleiðendur og innflytjendur þurfa að vera búnir að skrá sig í sérstakt skráningakerfi fyrir 1. október sem tryggir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs þeirra hér á landi frá áramótum. Séu þeir aðilar að sameiginlegu skilakerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda sér það skilakerfi um skráninguna.

Stýrinefnd raf- og rafeindaúrgangs er falið að reka skráningarkerfið. Skila skal inn upplýsingum um nafn, kennitölu og heimilisfang innflytjanda eða framleiðanda. Einnig er óskað eftir upplýsingum um áætlað magn innflutnings á ári og í hvaða flokka vörurnar falla en þeim er skipt í 10 flokka allt frá litlum heimilistækjum upp í fjarskiptabúnað. Tekið er á móti skráningum á netfangið styrinefnd@simnet.is.

Samkvæmt lögnum bera framleiðandi og innflytjandi ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn. Þeir skulu einnig fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Ábyrgð á söfnun úrgangs nær til landsins alls án tillits til hvar varan er seld. Allur raf- og rafeindatækjaúrgangur skal fara til meðhöndlunar. Athygli er vakin á að refsivert er að sinna ekki ofangreindri skyldu og fyrirtæki geta átt á hættu að fá dagsektir.

Þeir sem ekki eru aðilar að stærra skilakerfi skulu einnig leggja fram fjárhagslega tryggingu vegna starfsemi sinnar. Nú þegar hefur verið stofnað sameiginlega skilakerfið RR-skil sem mun taka að sér ábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi og sjá um að uppfylla skyldur sinna félagsmanna. Sjá nánar á vefsíðu þess www.rrskil.is

Bjóða kreppunni byrginn með nýrri prentvél

Starfsmenn Prentsmiðjunnar Guðjóns Ó láta ekki deigan síga þessa dagana enda nýkomnir með splunkunýja prentvél sem telst til þeirra fullkomnari í bransanum. Um er að ræða vél af tegundinni Speedmaster SM-52 sem prentar allt að 15 þúsund arkir á klukkustund. Ný og öflug tækni stytir afgreiðsluhraða en tvöfaldir lakkvalsar og þurrkukerfi sjá um það ásamt innrauðum geisla. Sérfræðingar frá Nýherja settu vélinu upp og kennari



frá framleiðandanum Heidelberg tók starfsfólk í kennslu.

„Þetta gerir okkur kleift að þjóna viðskiptavinum okkar betur og hraðar,“ segir Þórleifur V. Friðriksson prentsmiðju- stjórnari.



Skortur á tilboðum

Jarðboranir og Orkuveita Reykjavíkur undirrituðu í síðustu viku samning um boranir 50 borhola á Hellisheiði. Tilboð Jarðborana var það eina sem barst og hljóðaði upp á 13 milljarða króna, eða 90% af kostnaðaráætlun. Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, segir að reynt hafi verið að fá önnur fyrirtæki til að bjóða í verkið, án árangurs.

Hjörleifur segir ekkert annað fyrirtæki treysta sér til að bjóða í sambærileg verk þrátt fyrir að peningaverðlaun væru í boði til fyrirtækja sem sendu inn tilboð en fengju ekki verkið. Einnig hafi verið auglýst á Evrópska efnahags- svæðinu. Hjörleifur segist halda að smæð verkanna gæti haft áhrif á erlenda verktaka, eða þeir hafi jafnvel of mikið að gera. Þá þurfi verkin að vera í stærra lagi fyrir innlenda aðila sem þurfa að leigja bora frá útlöndum.

Til greina geti komið að fara í samstarf við Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjun svo útboðin verði nægilega stór í framtíðinni.

Í síðasta stóra útboði OR buðu Ístak og Íslenskir aðalverktakar einnig í verkið, en Jarðboranir hlutu þann samning líka. Í þetta sinn þurfti fyrirtækið að gangast undir verkabyrgð sem nemur 10% af samningsupphæðinni.

SI

Íslenskur
iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
10. tbl. 14. árg. október 2008
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 17.10.2008
Prentvinnsla: Prentææni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán,
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófaralestur: Rákel Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Milljarðar sparast í verkframkvæmdum ríkis og sveitarfélaga

Milljarðar gætu sparast á verkum ríkis og sveitarfélaga í mannvirkjagerð yrði gæðastjórnun innleidd meðal verktaka og verkkaupa. Þetta kom fram á morgunverðarfundi Samtaka iðnaðarins, Viðskiptablaðsins, Reykjavíkurborgar og Háskólans á Bifröst. Verktakar, verkkaupar og aðrir hagsmunaaðilar fjölmenntu á fundinn.

Guðjóna Björk Sigurðardóttir, viðskiptafræðingur og verkefnastjóri framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar, sagði brýna þörf á breyttu viðhorfi til gæðastjórnunar. Hún greindi frá niðurstöðum rannsókna í lokaritgerð sinni við Háskólann á Bifröst. Þar kemur fram að árlega fari milljarðar í súginn í mannvirkjagerð vegna skorts á gæðastjórnun. Um 10-30% af hagnaði fyrirtækja fari í endurvinnu innan fyrirtækja og í mannvirkjagerð almennt.

Ferdinand Hansen verkefnastjóri hjá SI sagði reynslu Samtakanna að verulega skorti á að stjórnendur fyrirtækja tækju málið alvarlega. Fjöldi sérfræðinga væri til um málefnið, en notendur afar fáir. Menn tali um gæðastjórnun, en geri ekkert í málunum.

Íslenskir aðalverktakar vinna nú að því að innleiða ISO 9001 gæðastaðalinn. Eyjólfur Bjarnason gæðastjóri fyrirtækisins sagði það meðvitaða stefnu. Sóst væri eftir bættri stjórnun á öllum sviðum sem hefði í för með sér aukinn hagnað.

SI bjóða félagsmönnum sínum að innleiða gæðastjórnunarkerfi.

Vilja reisa erlendar verksmiðjur á Íslandi

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði í viðtali Í bítinu á Bylgjunni 7. október að áhugi væri fyrir því að reisa erlendar kísilflöguverksmiðjur hér á landi. Eftir þessu hefði verið leitað eftir undirskrift neyðarlaga. Tveir staðir hafi verið nefndir í því samhengi, en orku þurfi fyrir starfsemi þeirra. Ráðherrann vill lækka skatta til þess að Ísland sé samkeppnishæft við önnur ríki um slíka starfsemi.

Verkefni sem komin voru í farveg þurfi að reisa við. Fjármögnun sæstrengs til Bandaríkjanna hafi verið langt komin áður en efnahagskreppan skall á og fjöldi fyrirtækja vildi koma og setja upp gagnaver á Íslandi. Þetta þurfi allt að skoða aftur. Íslendingar eigi gríðarlega öflugar orkulindir sem séu ótæmandi sé rétt með þær farið. Össur benti einnig á að Orkuveita Reykjavíkur hefði í byrjun mánaðarins - í miðri bankakreppunni - tekið lán upp á tæpa 30 milljarða, nánast á engu yfirverði. Það sé vegna



þess að menn sjái framtíðarauð í orkulindunum.

Össur sagðist einnig vonast til þess að á næsta ári geri nokkur fyrirtæki samning um að hefja rannsóknir á olíu hér við land. Þær myndu skipta miklu máli fyrir þau byggðarlög sem þjónustuðu þær.

Iðnaðarráðherra óttast ekki framtíðina „Hér verður kominn ágætur hagvöxtur á næstu misserum.“

Íslendingur heiðraður fyrir umhverfisvæna steinsteypu



Alþjóðleg ráðstefna í steinsteypufræðum verður helguð Ólafi H. Wallevik forstöðumanni grunnrannsóknar Nýsköpunarmið-

stöðvar Íslands. Helstu steypuframléiðendur í heimi styrkja rannsóknir steinsteypudeildar miðstöðvarinnar sem þykir hafa á að skipa fremstu sérfræðingum heims á því sviði. Í Viðskiptablaðinu er sagt frá því að nýjustu rannsóknir lúti að umhverfisvænni framléiðslu.

Ólafur, sem einnig er prófessor við Háskólann í Reykjavík, hlýtur heiðurinn fyrir frumkvæði í rannsóknum á hönnunar- og efniseiginleikum hágæðasteinsteypu eins og hástyrkleika- og sjálfútleggjandi steinsteypu ásamt flotfræði byggingarefna.

Ólafur segir alhliða rannsóknir miðstöðvarinnar lúta að mestu að endingu

og hönnun. Þar skari þeir fram úr. Um sé að ræða svokallaða hágæðasteypu sem flokkast yfirleitt í hástyrkleikasteypu, sem er þrefalt sterkari en venjuleg steypa, og sjálfútleggjandi steinsteypu; „En á því sviði erum við leiðandi í heiminum.“

Steypa alla leið til tunglsins

Ólafur segir sementssteypu langmest notaða byggingarefnið. Um fimm milljarðar rúmmetra séu framleiddir á ári. Það samsvari því að sívalningur sem er fjórir metrar í rúmmáli ná alla leið til tunglsins.

Ástæðan fyrir því af hverju Íslendingar séu svo framarlega á þessu sviði segir Ólafur vera erfiðar aðstæður hér á landi. Þær knýi byggingaraðila og framleiðendur til að bæta afurðina. Við séum sem dæmi eina þjóðin sem hafi leyst vandamál vegna alkalískemmda að mestu leyti.



Slegið í gegn í Grjótárgöngum

Gangastrákar Ístaks skáluðu í koníaki þegar síðasta haftið í Grjótárgöngum Hraunaveitu rofnaði. Sprengingin sem reif haftið er sú síðasta á Kárahnjúka-svæðinu og átti Kristinn Eiríksson fulltrúi Landsvirkjunar og verkefnisstjóri heiðurinn að henni.

Af slíku tilefni muni það vera til síðs að brynna bergriðum með koníaks-tári. Gangamennirnir verða þó að gæta þess að halda ávallt eftir staupfylli handa sjálfum sér. Bergbúarnir kunni ekki að meta að sitja einir að veigunum á slíkum tímamótum. Þeir vilji deila þeim með mönnum sem unnið hafi verkin.

Norðmenn munu hafa innleitt siðinn frá heimalandi sínu fyrir nokkrum áratugum.

Um 330 starfsmenn á vegum Ístaks eru við Kárahnjúka. Fyrirtækið tók við verkinu í vor eftir gjaldprot Arnarfells sem hóf verkið. Grjótárgöng eru 1.665 metra löng. Vatn mun renna í gegnum þau úr Grjótárlóni í Kelduárlón og áfram um Kelduárgöng. Þaðan fer vatnið í Ufsarlón og áfram niður í Fljótisdalsstöð. Alls hafa 73 km af jarðgöngum verið sprengdir vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Meirihluti vill stefnubreytingu hjá ríkisstjórninni í Evrópumálum

Um 53% landsmanna vill að ríkisstjórnin ákveði á kjörtímabilinu hvort sækja eigi um aðild að ESB eða ekki. Og rúmlega 60% segja að afstaða stjórnmalaflokkanna til ESB og upp-töku evru muni hafa áhrif á hvernig þeir greiða atkvæði í næstu alþingiskosningum. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins í lok ágúst.

Niðurstöður skoðanakönnunarinnar í heild sinni er á vef SI, www.si.is.

REACH felur í sér tækifæri til fyrirtækja

Hin nýja efnalöggjöf Evrópusambandsins REACH hefur í för með sér tækifæri fyrir fyrirtæki, en aðeins þau sem kynna sér hana í tíma. Þau sem bíða aðgerðarlaus verða of sein. Þetta segir Doris Thiemann hjá Efnastofnun Evrópu sem hélt fyrirlestur á morgunverðarfundum.

Hún segir að Ísland hafi sérstöðu þegar komi að REACH. Aðallega vegna þess að það sé ekki aðili að Evrópusambandinu og hafi þess vegna ekki haft áhrif á reglugerðina svo hún henti þeim betur.

Doris segir mjög mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja kvarti ekki, heldur taki af skarið og séu virkir. „Þeir ættu ekki að líta á löggjöfina sem enn eina stjórn-sýslubyrðina. Því þó svo að reglugerðin sé flókin og jafnvel ögrandi, felur hún líka í sér möguleika.“ Þannig geti fyrirtæki í samvinnu við bandaríska framleiðendur sem hafi góða þekkingu á REACH hagnast umfram önnur fyrirtæki í Evrópu.

Hún segir það hafa komið sér á óvart hversu traust viðskiptasambönd margra íslenskra fyrirtækja séu við Bandaríkin. Sambönd sem eigi sér jafnvel djúpar rætur. Ekki síst þess vegna sé afar mikilvægt að fyrirtæki kynni sér REACH og séu við stjórnvölinn. „Ef þú skilur ekki sjálfur um hvað málið snýst, er ekki líklegt að þú getir útskýrt það fyrir framleiðanda sem þarf að gefa þér upplýsingarnar um efnin.“



Sönnunarbyrðin færast yfir á fyrirtækin

„Innflytjendur hafa sömu skyldur og framleiðendur, þótt þeir framleiði ekki vöruna,“ segir Doris. Vanalega hafi fólk ekki vitneskju um hvaða efni séu í hlutum og flestir hafi áhyggjur af því. Um sé að ræða flókin hluta löggjafarinnar og fjölmörg fyrirtæki hafi ekki enn skilið hvað skráningin gangi út á. Sönnunarbyrði á skráningarskyldum efnum hafi færst frá yfirvöldum til fyrirtækjanna.

Doris hvetur að lokum fyrirtæki til þess að kanna strax hvort efni á þeirra vegum falli undir REACH. Þau þurfi að skrá áður en skráningarfresturinn er úti. Bíði fyrirtæki fram yfir miðjan október geti þau ekki reiknað með að fá þá hjálp sem þau þurfi frá þjónustuborði REACH.

Doris er þýsk að uppruna en býr nú í Helsinki þar sem aðalstöðvar REACH eru. Þetta er fyrsta heimsókn hennar til Íslands. Nánari upplýsingar um REACH er að finna á vef SI www.si.is.

Norðurl tilbúið að flýta framkvæmdum

Ef orka fæst strax í næsta áfanga Norðurláls í Helgúvík er fyrirtækið tilbúið að flýta framkvæmdum þar. Þetta er haft eftir Árna Sigfússyni bæjarstjóra Reykjanesbæjar á vef Víkurfrétta. Tvö önnur verkefni eru ennfremur í góðum undirbúningi á svæðinu.

Annað þeirra er kísilmálmverksmiðja í Helgúvík sem Skipulagsstofnun gaf að sögn Árna grænt ljós á í síðustu viku. Hið verkefnið er Gagnaverið á Vallarheiði. Starfsemi þess muni að öllum líkindum hefjast á þriðja ársfjórðungi



næsta árs; „Orka á að vera trygg í gagnaverið en orku þarf að tryggja betur í 1. áfanga Kísilmálmverksmiðjunnar.“ Á vef Víkurfrétta segir að yfir 1100 störf skapist á meðan framkvæmdum þessara þriggja verkefna standi. Í verunum sjálfum um 500 störf auk 1200 starfa vegna hliðaráhrifa.

Hittir í mark að velja íslenskt

„Maður finnur að það hittir beint í mark að fá ódýrari vöru, velja íslenskt og spara gjaldeyri í leiðinni,“ segir Eyjólfur Eyjólfsson framkvæmdastjóri húsgagnafyrirtækisins Axis um viðbrögð við auglýsingum fyrirtækisins í síðustu viku. Þar var áhersla var lögð á að framleiðsla fyrirtækisins væri íslensk og að það hefði verið starfandi frá árinu 1935.

Eyjólfur segist finna fyrir samdrætti vegna verktaka sem haldi að sér höndum. Einstaklingar séu hins vegar að bæta og breyta í auknum mæli. Þeir sjái sér leik á borði þar sem auðveldara sé að ná í iðnaðarmenn, það hafi verið mikið vandamál síðustu ár út af þenslunni.

Samkeppni við innflutningsfyrirtæki hefur verið mörgum erfið. „Fyrirtæki í innflutningi á innréttungum sem sum hver stoppuðu stutt hafa valdið ákveðnum skemmdum á markaðinum með því að bjóða vöru á lágu verði í skamman tíma í krafti sterkrar krónu auk hjálpar frá stórum birgjum í Evrópu,“ segir Eyjólfur.

Nú kveði hins vegar við annan tón þar sem íslensku framleiðendurnir eru talsvert mikið ódýrari en þeir erlendu og eru auk þess oftast með betri vöru.

Axis er fjölskyldufyrirtæki og hjá því starfa 28 manns. Verið er að stækka og endurbæta sýningaraðstöðu fyrirtækisins. Það er fjárfesting upp á tugi milljóna króna.

„Við erum bjartsýnir á framtíðina og verðum að nýta tækifærin sem felast í núverandi ástandi.“



Samtök iðnaðarins leggja ríka áherslu á að vera í góðu sambandi við félagsmenn sína við núverandi efnahagsþrengingar. Fundir um stöðu mála eru fyrirhugaðir, eða hafa verið haldnir, í flestum starfsgreina- og málefnaþópum. Félagsmenn geta einnig leitað til forsvarsmanna hvers sviðs fyrir sig. Tengiliði er að finna á vef Samtakanna.

Þá hafa Samtökin eftir megni haft beint samband við stjórnvöld um einstaka þætti og haldið á lofti hagsmunum iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins taka auk þess fullan þátt í aðgerðar-nefnd undir forystu Samtaka atvinnulífsins. Þar koma saman fulltrúar allra aðildarsamtaka SA, verkálýðshreyfingar, stjórnvalda og stjórnarflokkanna. Unnið er að því að greina og upplýsa stöðu mála og leggja fram tillögur á lausnum og úrbótum.

Félagsmönnum er bent á að fylgjast með á vef SI. Þar birtast reglulega fréttir og greinar um framvindu mála.

Siglingastofnun verðtryggir verksamninga

SI fagna ákvörðun Siglingastofnunar um að fylgja fordæmi Vegagerðarinnar og verðbæta verktakasamninga sem eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

Í bréfi sem Siglingastofnun sendi SI segir enn fremur að tillögur um verðbætur vegna hafnarframkvæmda á árinu 2008 hafi verið sendar til sveitarfélaga sem eru með útboðsverk í gangi til lengri tíma en þriggja mánaða. Þar kemur fram að flest sveitarfélög hafi svarað erindinu jákvætt.

Verðbótaákvæði Siglingastofnunar eru hliðstæð þeim sem Vegagerðin notar. Bréfið var svar til SI sem innti stofnunina eftir viðbrögðum við þeim vanda sem blasir við verktökum og verkkaupum vegna óstöðugs gengis og hækkunar olíuverðs.

Jón Steindór framkvæmdastjóri SI segist ekki trúa öðru en að aðrir stórir verkkaupar fylgi í kjölfarið og taki tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem verktakar búi við um þessar mundir.

Samtökin bíða nú niðurstöðu borgarráðs við samskonar erindi um verksamninga borgarinnar.

Regluverk umhverfismála og vinnuverndar



Guðjón Jónsson frá VSÓ Ráðgjöf og Jón Steindór undirrituðu samninginn

Tekin hafa verið saman í einn gagnagrunn lög og reglur er lúta að umhverfismálum og vinnuvernd. SI munu bjóða félagsmönnum sínum aðgang að grunninum í gegnum internetið. Samningur þess efnis við VSÓ Ráðgjöf, sem rekur grunninn, var undirritaður á kynningarfundum 10. október sl. Gagnagrunnurinn verður uppfærður reglulega og þar er að finna úrdrátt úr flestu því í umhverfis- og vinnuverndarlöggjöf er snýr að iðnfyrirtækjum. Leitarmöguleikar auðvelda mjög leit á ákveðnum sviðum. Fyrirtæki eiga þannig auðveldara með að fylgjast með breytingum og að hafa yfirsýn yfir regluverk er snýr að rekstri þeirra. Gagnagrunnurinn hentar fyrirtækjum með virka umhverfisstjórnun einkar vel.

8+8 ferskir hönnuðir í Firðinum

Átta alþjóðlegir hönnuðir og 8 hafnirsk framleiðslufyrirtæki sýna afrakstur samstarfs á sýningunni 8+8 Made in Hafnarfjörður. Sýningin var sett upp í tilefni af hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar í sýningarsalnum Dverg í bænum. Á vef Hafnarfjarðarbæjar segir að verkefnið sýni fram á þá ónýttu möguleika sem felist í samstarfi hönnuða við iðnfyrirtæki. SI styrkja sýninguna sem er á vegum Hafnarborgar og Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Um er að ræða þróun nýrra vara sem ætlað er að skapa framleiðslu fyrirtækjanna sérstöðu og ímynd, auk þess að auka verðgildi framleiðslunnar. „Sýningunni er ætlað að minnast mikilvægrar aðkomu bæjarfélagsins að iðnþróun héraendis í gegnum tíðina,“ segir enn fremur á vef Hafnarfjarðarbæjar.



Katrín Ólína iðnhönnuður hannaði steypubekki og koll í samvinnu við Mest